

REGLUR

um útdrátt vinninga í happdrættisláni ríkissjóðs 1972, skuldabréf A.

1. gr.

Útdráttur fer fram í Reiknistofu Rauðvísindastofnunar Háskólans. Viðstaddir útdráttinn séu forstöðumaður stofunnar og eftirtaldir eftirlitsmenn:

- a. Notarius publicus.
- b. fulltrúi fjármálaráðuneytisins og
- c. fulltrúi Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Við útdráttinn skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

- a. Tölvu Reiknistofunnar.
- b. Forrit, sem stýrir tölvunni við útdráttinn. Forritið skal gert af Reiknistofunni og skulu notaðar til þess viðurkenndar aðferðir. Forritið skal skráð á gataspjöld og þannig úr garði gert, að einungis minniseiningar úr kjarnaminni tölvunnar séu notaðar. Eftirlitsnefndin skal fá sérfræðing, sem ekki starfar við reiknistofu til að fylgjast með gerð forritsins yfirfara það að lokum og afhenda það til notarii publici til varðveislu. Forritið skal varðveitt af notario publico milli útdráttá.
- c. Tönnu með 40 hylkjum í. Í hverju hylkjanna er fólgin á seðli einn tölustafanna frá 0 til 9, þannig að sérhver tölustafanna 0 til 9 er í fjórum hylkjum.
- d. Átta gataspjöld (titilspjöld), þar sem á er skráð titill, dagsetning og númer viðkomandi útdráttar, fjöldi og upphæð vinninga svo og númer skuldabréfa, sem dregið er úr.
- e. Eitt gataspjald (stýrisspjald) með 48 tölustöfum sbr. 4. gr. hér á eftir.

3. gr.

Útdráttur hefst með því, að notarius publicus velur 48 sinnum hylki úr happdrættistönnunni. Eftir hvert val er tölustafur viðkomandi hylkis skráður, en hylkið með seðli sínum er aftur sett í tönnuna, áður en næsta val fer fram.

4. gr.

Forstöðumaður Reiknistofu lætur gata hina 48 tölustafi í fyrstu 48 dálka gataspjalds og í þeirri röð, sem þeir voru dregnir. Eftirlitsnefndin gengur úr skugga um, að ofangreint stýrisspjald sé rétt gatað.

5. gr.

Tölvan er látin lesa forritið, titilspjöldin átta og stýrisspjaldið sbr. 2. gr.

6. gr.

Tölvan velur nú vinningsnúmer og vinningsupphæðir og stýrir ofangreind 48 stafa tala valinu. Tölvan skrifar út vinningsnúmer og vinningsupphæðir jafnóðum.

Þegar þessari útskrift er lokið, stanzas tölvan og vinningalistinn er staðfestur með undirskrift eftirlitsnefndarinnar.

7. gr.

Tölvan er nú aftur ræst og skrifar þá vinningalista, sem raðaður er í númeraröð. Eftirlitsnefndin gengur úr skugga um, að þessi listi sé í samræmi við upphaflega vinningalistann sbr. 6. gr. Raðaði vinningalistinn er notaður til birtingar.

8. gr.

Bili tölvan, eða stöðvist útdráttur heinnar, tekur notarius publicus forritið, titilspjöldin og stýrisspjaldið í sína vörzlu, þar til viðgerð er lokið. Útdráttur er þá endurtekinn og hefst með því að tölvan er látin lesa hin geymdu gögn sbr. 5. gr.

9. gr.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í lögum nr. 99 28. desember 1971.

Fjármálaráðuneytið, 9. júní 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.